

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra.

I. KAFLI

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í Rangárþingi ytra að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, svo og hjálparhundum blindra og fatlaðra. Undanþágur til hundahalds sæta þeim takmörkunum sem settar eru í samþykkt þessari.

Reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni gildir um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni auk ákvæða þessarar samþykktar þar sem við á. Þeir hundar sem sérstaklega er getið um í 1. mgr. eru undanþegnir ákvæðum b) og l) liðar 2. gr. og 3. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn, eða umboðsaðila hennar, er heimilt að veita lögráða einstaklingi, sem lögheimili á í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Um hundahald í fjöleignarhúsum fer skv. 10. tl. b-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal skriflegt samþykki 2/3 þeirra íbúðareigenda sem hlut eiga að máli, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús. Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir hundahaldi í viðkomandi fjöleignarhúsi, sbr. 33. gr. b. laganna. Sé eigandi fjöleignarhúss, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund án þess að samþykki annarra eigenda liggi fyrir sbr. 33. gr. d. laganna.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. mars fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, t.d. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.
- c) Hundurinn skal vera ormahreinsaður og skulu hundar færðir til hreinsunar ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Gjald vegna ormahreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna hundsins. Sé hundur ekki færður til auglýstrar hreinsunar skal eigandi framvísa til skrifstofu Rangárþings ytra vottorði dýralæknis um að hreinsun hafi farið fram. Leyfisgjald skv. lið b) lækkar ekki þó þessi háttur sé hafður á.
- d) Skylt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins. Ábyrgðartrygging skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Leyfi til hundahalds er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.
- f) Hundurinn skal merktur, ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer hundsins.
- g) Óheimilt er með öllu að láta hund ganga lausan innan marka þéttbýlis og á beitolöndum búfjár nema nytjahund þegar hann er að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundur skal annars ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðal-dyrum hússins. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

- h) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- i) Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Framangreindir staðir, sem hundar mega ekki fara inn á, eru m.a.:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, og brunna.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 11. Kirkjugarðar.
 12. Almenn samgöngutæki.
- j) Ákvæði staflíða i) hér að framan gilda ekki um hjálparhunda sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002.
- k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- l) Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

3. gr.

Umsóknnum um leyfi til hundahalds ásamt ljósmynd af hundinum skal skila til sveitarstjórnar eða umboðsaðila á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjórn, eða umboðsaðili hennar, veitir eða synjar umbeðins leyfis. Leyfishafi fær afhenta plötu samanber ákvæði f) liðar í 2. gr.

Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

4. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega, svo sem Pit Bull Terrier, Fila Brasileiro, Tosu Inu, Dogo Argentino, blendinga af fyrirtöldum tegundum, blendinga af úlfum og hundum. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Dýrbíta og hunda sem ráðast á menn skal handsama, fjarlægja og aflífa. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu eftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur samkvæmt gjaldskrá áður en það er gert. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er heimilt að láta dýralækni lóga viðkomandi hundi án frekari fyrirvara.

II. KAFLI

Kattahald.

5. gr.

Kattahald í lögsagnarumdæmi Rangárþings ytra sætir þeim takmörkunum sem frá greinir í samþykkt þessari.

6. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingsi eða valdi nágrönnum óþægindum. Sækja skal um leyfi á skrifstofu Rangárþings ytra til að halda kött. Við útgáfu leyfis skal kötturinn skráður og fær eigandi kattarins afhenta númeraða plötu fyrir ól um háls kattarins þar sem fram kemur nafn og númer kattar, heimilisfang og símanúmer eiganda. Ennfremur skal eigandi eða umráðamaður kattar láta auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Skrá skal slíkt merki við skráningu kattarins. Óleyfilegt er að halda kött þar sem enginn býr.

7. gr.

Einungis er leyfilegt að hafa 2 ketti á hverju heimili nema viðkomandi sé ræktandi og þá þarf hann að skrá sig sérstaklega sem slíkur á skrifstofu sveitarfélagsins. Ræktendum katta er skylt að fara eftir reglugerð nr. 1077/2004 og afla tilskilinna leyfa skv. því.

8. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að sjá til þess að vel sé farið með kött hans sbr. ákvæði dýra-verndarlaga nr. 15/1994 og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

9. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

10. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

11. gr.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útveru katta m.a. að næturlagi. Kettir skulu bera bjöllu um hálsinn á varptíma og á meðan ungar eru ófleygir.

12. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja ítrekaðar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það sbr. 9. gr.

13. gr.

Um kattahald gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) Um kattahald í fjöleignarhúsum fer skv. 10. tl. b-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi þar sem inngangur, stigagangur eða annað húsrými er sameiginlegt eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal skriflegt samþykki 2/3 þeirra íbúðareigenda sem hlut eiga að máli, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús fylgja umsókn. Sama á við ef um er að ræða parhús eða raðhús. Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, er samþykkis annarra eigenda ekki þörf fyrir kattahaldi í viðkomandi fjöleignarhúsi, sbr. 33. gr. b. laganna.
- b) Föngunargjald ef til kemur skal greitt til sveitarstjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga er óheimilt að halda köttinn.

- c) Skytt er að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna katta. Ábyrgðartrygging skal ná til þess tjóns, sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Ábyrgðartrygging greiðist af eiganda sjálfum.
- d) Eiganda og umráðamanni kattar ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- e) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að hann sé skráður samkvæmt 6. gr.
- f) Óheimilt er að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef kettir eru ræktaðir í atvinnuskyni. Ræktendum katta er skytt að fara eftir reglugerð nr. 1077/2004 og afla tilskilinna leyfa skv. því.
- g) Óheimilt er að hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Einnig er óheimilt að hleypa köttum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- h) Óheimilt er að hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna samanber reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.
- i) Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

14. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ómerka ketti. Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innandyra. Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í kattageymslu. Ef kattareigandi vitjar ekki kattarinn innan 7 sólarhringa, er heimilt að farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflífun, ef til þess kemur. Ef ekki er unnt að bera kennsl á kött með örmerki eða með merkingu á ól skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er heimilt að láta dýralækni lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara.

III. KAFLI

Eftirlit og fleira.

15. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

Þjónustumiðstöð Rangárþings ytra hefur eftirlit með hunda- og kattahaldi í sveitarfélaginu í umboði heilbrigðisnefndar. Starfsmenn þjónustustöðvar Rangárþings ytra fyrir hönd sveitarstjórnar, sjá um framkvæmd og eftirlit með að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt og geta leitað aðstoðar lögreglu yfirvalda þegar þess er þörf. Þjónustumiðstöð Rangárþings ytra skal gera skriflega skýrslu um þau dýr sem stöðin þarf að hafa afskipti af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfð dýr ásamt nafni og heimilisfangi leyfishafa.

16. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi/leyfishafi dýrsins sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hunda- eða kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfi og bannað viðkomandi að halda dýr og látið fjarlægja dýrið. Skal eigandi/leyfishafi þá afhenda dýrið eftirlitsmanni. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hunda- eða kattahalds telji hún þess brýna þörf. Eiganda dýrs ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

17. gr.

Sinni eigandi/leyfishafi samkvæmt samþykkt þessari ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til gæludýrahalds. Brot gegn samþykkt

Þessari varða sektum rúmist þau innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

18. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 617/2004 um hundahald í Rangárþingi ytra.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2012